

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/400**2018/EES/64/27**

frá 14. mars 2018

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 40 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ⁽²⁾ voru innleiddir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Þann 8. desember 2016 birti Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 40, *ffjárfestingareignir*. Breytingarnar skýra hvenær félagi er heimilt að endurflokka eign í flokkinn „ffjárfestingareignir“ eða úr honum.
- 3) Eftir samráð við Evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil ályktar framkvæmdastjórnin að breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 40, uppfylli skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinfendarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 40, *ffjárfestingareignir*, breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.*2. gr.*

Félög skulu beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2018 eða síðar.

*3. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 72, 15.3.2018, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 205/2018 frá 21. september 2018 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjttíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. mars 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Tilfærsla fjárfestingareigna

(Breytingar á IAS-staðli 40)

Breytingar á IAS-staðli 40, fjárfestingareignir

Ákvæðum 57.–58. liðar er breytt.

TILFÆRSLUR

57 Eining skal færa eign í eða úr fjárfestingareign þegar, og aðeins þegar, breyting verður á notkun. Breyting á notkun verður þegar eignin uppfyllir, eða hættir að uppfylla, skilgreiningu á fjárfestingareign og ljóst er að breyting er á notkun. Breyting á fyrirætlunum yfirstjórnar varðandi notkun á eign nægir í sjálfu sér ekki sem sönnun á því að breyting hafi orðið á notkun. Dæmi um sönnun á því að breyting hafi orðið á notkun er m.a.:

- a) þegar eigandi byrjar að nýta fasteignina, eða þegar breyting er í þágu þess að eigandi nýti fasteignina sjálfur, fyrir tilfærslu úr flokki fjárfestingareigna yfir í flokk fasteigna sem eigandi nýtir,
- b) þegar breytingar hefjast með sölu í huga, færist eignin úr flokki fjárfestingareigna yfir í birgðir,
- c) þegar eigandi hættir að nýta fasteign, fyrir tilfærslu úr flokki fyrir fasteign sem eigandi nýtir, yfir í flokk fjárfestingareigna og
- d) þegar rekstrarleiga til annars aðila hefst, fyrir tilfærslu úr birgðum yfir í fjárfestingareign.
- e) [felldur brott]

58 Þegar eining ákveður að ráðstafa fjárfestingareign án breytinga heldur hún áfram að fara með eignina sem fjárfestingareign þar til hún er afskráð (fjarlægð af efnahagsreikningi) en endurflokkar hana ekki sem birgðir. Þegar eining hefur breytingar á fjárfestingareign, sem hún á fyrir, til áframhaldandi framtíðarnotkunar sem fjárfestingareign, er eignin áfram fjárfestingareign og er ekki endurflokkuð sem eign, sem eigandi nýtir, meðan á breytingunum stendur.

...

Liðir 84C–84E og tengdar fyrirsagnir og liður 85G bætist við.

UMBREYTINGARÁKVÆÐI

...

Tilfærsla fjárfestingareigna

84C Með *Tilfærslu fjárfestingareigna* (breytingar á IAS-staðli 40), útgefnar í desember 2016, var 57.–58. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum á breytingar á notkun sem verða við eða eftir upphaf árlegs reikningsskilatímabils þegar eining beitir breytingunum í fyrsta sinn (upphafsdagur breytinga). Á upphafsdegi beitingar skal eining endurmeta flokkun eignar sem er í vörslu hennar þann dag og, ef við á, endurflokka eignir og beita til þess ákvæðum 7.–14. liðar til að endurspegla aðstæður á þeim degi.

84D Þrátt fyrir kröfurnar í lið 84C er einingu heimilt að beita breytingunum á 57.–58. lið afturvirkrt, í samræmi við IAS-staðal 8 þá og því aðeins að slíkt sé hægt án skýringa eftir á.

84E Ef eining endurflokkar eign á upphafsdegi beitingar, í samræmi við lið 84C, skal einingin:

- a) gera grein fyrir endurflokkuninni í samræmi við kröfurnar í 59.–64. lið. Þegar ákvæðum 59.–64. liðar er beitt skal eining:
 - i. túlka allar tilvísanir í daginn sem breyting er gerð sem upphafsdag beitingar og
 - ii. færa allar fjárhæðir sem, í samræmi við ákvæði 59.–64. liðar, hefðu verið færðar á rekstrarreikning sem leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár á upphafsdegi beitingar.

- b) birta upplýsingar um fjárhæðir sem eru endurflokkaðar í eða úr fjárfestingareign í samræmi við lið 84C. Einingin skal birta upplýsingar um þessar fjárhæðir sem endurflokkaðar eru sem hluti af afstemmingu á bókfærðu verði fjárfestingareignar í upphafi og við lok tímabilsins eins og krafist er í 76. og 79. lið.

GILDISTÖKUDAGUR

...

- 85G Með *tilfærslu fjárfestingareigna* (breytingar á IAS-staðli 40), útgefnunum í desember 2016, var 57.–58. lið breytt og liðum 84C–84E bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar. Heimilt er að beita breytingunum fyrir. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrri tímabil skal hún greina frá því.
